

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, þriðjudaginn 20. júní, var haldinn 141. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í Blesupúfu í Álfabakka 12 í Mjódd og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Elísabet Ólöf Helgadóttir, Sigbór K. Ágústsson og Aðalheiður Frantzdóttir. Einnig voru mætt Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir hönd Framsóknar og flugvallarvina, Birgitta Rut Jónsdóttir og Kristín Helga Ómarsdóttir áheyrnarfulltrúar frá Ungmennaráði Breiðholts, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um Heilsueflandi Breiðholt, árangur verkefnisins og næstu skref.

Þórdís Lilja Gísladóttir verkefnastjóri Heilsueflandi Breiðholts tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 17.00 tekur Bergþór Heimir Þórðarson sæti á fundinum.
2. Fram fer umræða um hugmyndir í verkefninu Hverfið mitt 2017 og þeim stillt upp til kosninga.
3. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um malbikunarframkvæmdir í Breiðholti sbr. 9. lið fundargerðar hverfisráðs Breiðholts frá 21. mars 2017.
4. Lagt fram svar ÍR við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um öryggismál og gæslu í íþróttahúsinu við Austurberg, dags. 20. júní 2017, sbr. 10. lið fundargerðar hverfisráðs Breiðholts frá 21. mars 2017.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina þakkar ÍR fyrir greinargóð svör.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Breiðholts hvetur ÍTR og ÍR til að vinna saman að því að bæta þjófavarnir og verkferla í gæslu í Íþróttahúsinu við Austurberg eins fljótt og kostur er.

5. Lögð fram fyrirspurnir stjórnarmanna Íbúasamtakanna betra Breiðholt og svör byggingarfulltrúa og skrifstofu framkvæmda og viðhalds varðandi göngubrúar yfir Breiðholtsbraut og ástand fasteignarinnar að Vesturbergi 195.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Til að svara umræðu í hverfinu, m.a. á síðu Íbúasamtakanna Betra Breiðholts, vill hverfisráð koma því á framfæri að málefni fasteignarinnar að Vesturbergi 195 eru í eðlilegum farvegi og vinnslu hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar. Hverfisráð mun fylgja málinu eftir af festu.

6. Fram fer umræða um ástand fasteignarinnar að Fýlshólum 6.

Hverfisráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hverfisráð Breiðholts óskar eftir upplýsingum frá embætti byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um stöðu mála vegna fasteignarinnar að Fýlshólum 6. Eins og áður hefur komið fram í fyrirspurnum hverfisráðs er ástand fasteignarinnar óásættanlegt fyrir íbúa og ekki til sóma fyrir umhverfi og ásýnd hverfisins.

Fundi slitið kl. 18.00.

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Sigþór K. Ágústsson

Aðalheiður Frantzdóttir
Bergþór Heimir Þórðarson